



SVAR VIÐ TILLÖGU

Viðtakandi:

Sendandi: Skrifstofa framkvæmdir og viðhald

Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um bætt aðgengi að sjúkrahúsinu Vogu, sbr. 22. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 7. júní 2023.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds og borgarlandsins

Lagt er til að ráðist verði í eftirfarandi framkvæmdir í því skyni að bæta aðgengi að sjúkrahúsinu Vogu.

- Vegurinn að Vogu, þ.e. Gamli Gufunesvegurinn, verði lagaður og malbikaður á kaflanum frá Stórhöfða að sjúkrahúsinu. Umræddur vegkafla er í slæmu ásigkomulagi og hafa djúpar holur myndast í honum.
- Umræddur vegkafla verði settur á snjóruðningslista borgarinnar í því skyni að tryggja öruggt aðgengi að sjúkrahúsinu.
- Göngu- og hjólreiðatengsl við sjúkrahúsið Vog verði bætt með því að tengja gangstétt meðfram Stórhöfða við gönguleið á lóð sjúkrahússins.

Svar við fyrirspurn

Vegurinn að Vogu er á verkefnalista fyrir árið 2023 yfir þær götur sem verða lagaðar og sett bundið slitlag á.

Umræddur vegkafla er nú þegar skráður á snjóruðningslista hjá Reykjavíkurborg í þjónustuflokk 2 þar sem þjónustumarkmiðið er að halda götum í því ástandi að snjór og hálka hafi óveruleg áhrif á flæði eða öryggi umferðarinnar og að umferð sé greið innan skilgreinds þjónustutíma, sjá nánar töflu.

Þjónustu- flokkur	Þjónustu- tími, virkir dagar	Þjónustu- tími, helgar	Viðbragðs- tími	Hreinsunar- tími	Minnsta snjódypt	Mesta snjódypt	Lágmarks viðnám	Útsýni takmarkað
	kl.	kl.	klst.	klst.	cm	cm		sólarhr.
Götur								
1	04-23	04-04	0,5	2	2	5	0,25	1
2	04-23	04-23	0,5	3	5	10	0,25	1



Reykjavíkurborg

Varðandi göngu- og hjólreiðatengsl þá er aðalinngangur inn á sjúkrahúsið að Vogu frá bílplaninu. Stígurinn innan lóðar tengist ekki aðalinngangi og töliverður hæðarmunur er á milli Stórhöfða og umræddrar lóðar sem gerir tengingar við stíginn erfiðar.

Út frá sjónarmiðum um aðgengi fyrir alla, tengingu við aðalinngang og að magn bílaumferðar um núverandi tengingu er ekki það mikil að hægt er að nýta núverandi göturými sem samrými gangandi, hjólandi og akandi.

Umhverfis- og skipulagssvið